


Framkvæmd



Til þess að tryggja sameiginlegan skilning allra þeirra sem koma að launamyndum hjá stofnuninni skulu þeir þjálfaðir í öllum þáttum sem leiða til launamyndunar hverju sinni sem og í ferlum jafnlaunakerfis, launagreiningu, viðbrögðum við frávikum, innri úttektum og rýni stjórnenda.

Að þjálfun lokinni skulu starfsmenn sem hana hljóta hafa þekkingu á jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og þeim lagalegu kröfum sem liggja að baki og styðja við staðalinn. Þeir skulu þekkja til launaviðmiða, huglægra skekkja, markmiða stofnunarinnar og hafa þekkingu á hlutverki og ábyrgð allra aðila sem koma að launaákvörðunum. Að auki skulu þeir þekkja skjöl jafnlaunahandbókar og geta liðsinnt starfsmönnum sínum hvað launaviðtöl varðar og óskir um endurskoðun launa (sjá einnig LBE-180).